

Fundargerð málþings skólamálaráðs KÍ um menntun barna í leit að alþjóðlegri vernd

Þeirra réttur – okkar skyldur

Haldið föstudaginn 3. mars 2017, kl. 8:30-12:30 – Hvammi, Grand hóteli, Reykjavík.

Markmið málþingsins er að vekja athygli á og að skapa skilning á aðstæðum og þörfum barna í leit að alþjóðlegri vernd. Hvernig viljum við hafa umgjörðina hér á landi um menntun barnanna, starf kennara og skóla?

Fundarstjórar voru Guðbjörg Ragnarsdóttir og Fjóla Þorvaldsdóttir. Fundarritarar voru Alma Oddgeirsdóttir og Guðbjörg Ragnarsdóttir. Um 100 manns tóku þátt í málþinginu.

Fundarstjóri bauð málþingsgesti velkomna og bað þá að hugsa um hvernig þeir vilji hafa umgjörðina hér á landi um menntun barna í leit að alþjóðlegri vernd, hvort einhverju þurfi að breyta og hvernig.

Alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um réttindi barna. Hvernig stöndum við okkur? *Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna.*

Margrét María hóf erindið á að fara yfir hlutverk umboðsmanns barna sem er að standa vörð um hagsmuni allra barna á Íslandi. Sagði að íslenskum stjórnvöldum beri að stuðla að því að staðið væri við alþjóðlega samninga um réttindi barna. Nefndi í þessu samhengi sérstaklega Barnasáttmála SP sem er útbreiddasti mannréttindasamningur heims. Í honum er m.a. fjallað um menntun og mannréttindi barna og kveðið á um að öll börn eigi rétt á menntun við hæfi og að ganga í skóla. Í ljósi þessa eigi að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að barn sem leitar eftir réttarstöðu flóttamanns skuli fá þessi réttindi uppfyllt.

Í Barnasáttmálanum eru fjórar grundvallarreglur sem okkur ber að hafa við hliðsjónar við túlkun allra laga um réttindi barna. Þær eru: 2. grein um jafnræði og bann við mismunun, 3. grein um að hafa skuli það sem er barninu fyrir bestu að leiðarljósi, 6. grein um rétt hvers barns til að þroskast og 12. grein um rétt barns til að láta í ljós skoðanir sínar og skyldan til að taka réttmætt tillit til þeirra.

Því næst fjallaði umboðsmaður um stöðuna í málaflokknum í Evrópu. ENOC, tengslanet umboðsmanna barna í Evrópu, hefur látið gera úttekt á réttindum barna í leit að alþjóðlegri vernd í Evrópulöndum. Í ljós kom að flest lönd virðast bjóða upp á menntun en þau standa frammi fyrir ýmsum áskorunum um gæði menntunarinnar. Umboðsmaður sagði enn vanta upp á að réttindi barna væru tryggð. Of oft þurfi börn að bíða lengi eftir menntun og að upplýsingum um réttindi þeirra væri beint að þeim fullorðnu en ekki að börnunum sem væru í fylgd með þeim.

Staðan hér á landi væri að börnin eru skyldug að fara í sóttvarnarskoðun sem á að taka 10 daga. Raunin væri sú að biðin er oft mun lengri sem tefur að börnin geti hafið skólagöngu. Umboðsmaður sagði skort hafa á að skimað væri eftir veikindum, líkamlegum sem andlegum. Sagði að börn í leit að vernd hafi oft þurft að bíða í vikur og jafnvel mánuði eftir að komast í skóla og sagði frá drögum að reglugerð um útlendinga þar sem miðað er við að börn eigi að fá menntun innan fjögurra vikna og að komast í almennan skóla innan 12 vika. Að mati umboðsmanns væri þessi tími of langur.

Umboðsmaður lýsti yfir áhyggjum af 16-18 ára ungmennum á framhaldsskólaaldri og sagði að svo virtist að þau fengju ekki alltaf nám eða starfsþjálfun við hæfi. Nefndi einnig að Útlendingastofnun komi ekki að útvegum leikskólaplássu, það væri á vettvangi sveitarfélaganna og því væri ekki tryggt í öllum tilfellum að barn komist í leikskóla.

Að lokum ræddi umboðsmaður um fjórar víddir Barnasáttmálans, frá réttindum til raunveruleika, þ.e. pólitískar skyldur, lagalegar, uppeldisfræðilegar og siðferðislegar. Umboðsmaður sagði að við þörfum að bæta okkur í uppeldisfræðilegum og siðferðislegum skyldum.

Staða flóttamanna hér á landi og þeirra sem leita að alþjóðlegri vernd út frá lögum og skilgreiningum. Hver er staðan? *Guðríður Lára Prastardóttir, lögfræðingur hjá Rauða krossinum á Íslandi.*

Guðríður Lára byrjaði á að fara yfir nokkrar skilgreiningar sem skipta máli, s.s. hvað er flóttamaður, hælisleitandi og kvótaflóttamaður. Hún sagði að þeir sem sækja um alþjóðlega vernd séu allskonar fólk, s.s. þeir sem flýja persónulegar ofsóknir stjórnvalda vegna stöðu sinnar, t.d. kynhneigðar eða stjórnmalaskoðana, þeir sem flýja vopnuð átök og þeir sem flýja örbirgð og slæmar félagslegar aðstæður. Rauði krossinn hefur sinnt réttargæslu fyrir hælisleitendur frá árinu 2014.

Því næst fór Guðríður Lára yfir tölfræði í málaflokknum en árið 2016 sóttu 1132 einstaklingar um að fá viðurkennda stöðu sína sem flóttamaður. Í þessum hópi voru 249 börn eða 24%. Umsóknir frá fylgdarlausum ungmennum voru 18.

Útlendingastofnun fer með málefni barna í hælisleit sem og sveitarfélög, barnaverndaryfirvöld og Rauði krossinn. Vandamál kerfinsins væru óskýr verkaskipting, skortur á samhæfingu og á þekkingu og reynslu. Kerfið væri ekki hannað með hagsmuni barna í huga. Guðríður Lára sagði öll börn eiga rétt til menntunar og vísaði í 2. og 3. málsgrein 76. greinar stjórnarskrárinnar: *Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar við sitt hæfi.*

Mjög mismunandi væri hversu lengi börn í hópi flóttamanna þurfi að bíða eftir því að komast í skóla og biðin væri oft mjög löng. Hún vakti athygli á mismunandi stöðu eftir því hvort börnin væru í fylgd með fullorðnum, hvort þau væru á leik- eða grunnskólaaldri, 16-18 ára eða fylgdarlaus. Börn í hópi kvótaflóttafólks væru í betri stöðu en hælisleitendur og væru fylgdarlaus börn mjög viðkvæmur hópur. Mjög mikilvægt væri að jafna stöðu hælisleitenda og kvótaflóttafólks og þeirra sem eru í þjónustu Útlendingastofnunar og sveitarfélaga. Þannig væri aðgangur 16-18 ára ungmenna í leit að alþjóðlegri vernd að menntun mjög mismunandi og hefði þessi hópur sem væri í þjónustu Útlendingastofnunar ekki þennan aðgang en ungmenni sem væru í þjónustu sveitarfélaga hefðu aðgang að menntun í Tækniskólanum, Flensborg og Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Því næst fór Guðríður Lára yfir tölur um börn sem ekki njóta menntunar hér á landi (staða 10. febrúar) en 19 eru á skólaskyldualdri og 11 undir sex ára aldri. Að lokum vakti hún athygli á skyldum stjórnvalda en í stjórnarskrá er ákvæði um bann við mismunun á grundvelli þjóðernis. Börn í hælisleit hafa ekki val um að koma til Íslands og þó stjórnvöld telji umsóknir foreldra tilhæfuleysar þá megi það ekki bitna á börnunum sem hingað koma.

Horft inn í skólann: Hvernig gengur, hver er staðan? Um menntun barna í leit að alþjóðlegri vernd. *Heiða Ingólfssdóttir, sérkennslustjóri leikskólanum Holti Reykjanesbæ*

Heiða byrjaði á því að fara yfir tölulegar upplýsingar um fjölda hælisleitenda í Reykjanesbæ. Árið 2016 voru hælisleitendur 87, þar af 32 börn á aldrinum núll til 18 ára. Eftir heilbrigðisskoðanir og bólusetningar er möguleiki á leikskólaplássi og í lok árs 2016 voru sjö börn í leikskólum í Reykjanesbæ. Almenn tækniskólaaldri væri leikskólalæsi um fimm tímar á dag.

Til að fá sem gleggsta mynd af stöðu mála í Reykjanesbæ sendi Heiða spurningalista til átta leikskólastjóra í bæjarfélaginu. Meðal þess sem spurt var um var hvernig umgjörð leikskólans þyrfti að vera þegar tekið er á móti barni, hvernig gengur það hjá ykkur? Hver er staðan í dag? Hverjir eru ykkar styrkleikar, veikleikar, hverjar eru ógnirnar og hvar liggja tækifærin?

Svörin voru að umgjörðin þurfi að vera þannig að foreldrar upplifi öryggi í leikskólanum, að jákvæðni þurfi að ríkja meðal starfsmanna og áhugi á að kenna barninu. Umgjörðin þurfi að vera skýr, góðar kynningar eða upplýsingafundir áður en barnið kemur í leikskólann. Heiða nefndi mikilvægi þess að hafa túlk í upphafi skólagöngunnar, hafa aðlögunarferlið hægt og að barnið fái stuðning til að byrja með. Einnig nefndi Heiða mikilvægi bakgrunnsupplýsinga, s.s. hvaðan barnið kemur, hvaða tungumál það talar, hvað það hefur upplifað o.s.frv.

Leikskólastjórnarnir voru flestir sammála um að þá skorti upplýsingar í upphafi og að þeir hafi veitt barni stuðning án þess að fá aukið stöðugildi inn í skólann. Leikskólastjórnarnir telja mikilvægt að börn og foreldrar upplifi öryggi í leikskólunum og að gefa þurfi þeim nægan tíma til að aðlagast skólanum. Menningarmunur er oft mikill og því tekur oft tíma að læra á venjur í nýju landi.

Svör leikskólastjórnanna um hvað væri mikilvægt að hafa í huga hvað varðar kennara og skólana voru að gott skipulag væri lykilatriði sem og stöðuleiki í starfsmannahópnum. Mikilvægt væri að kennarar beri virðingu fyrir foreldrum í þessum hópi og að þeir hafi ekki fordóma. Kennarar þurfi að vera jákvæðir og tilbúnir að takast á við verkefnið og taka þurfi á móti öllum börnum, óháð uppruna.

Því næst fór Heiða yfir svör leikskólastjórnanna hvað varðar styrkleika og veikleika, ógnanir og tækifæri.

Dæmi um styrkleika væru að hitta viðkomandi foreldra reglulega, stöðugleiki í starfsmannahaldi, leikskólakennarar væru vanir að taka á móti erlendum börnum og foreldrum og fjölbreyttum áskorunum sem þeim fylgja, og áhersla væri lögð á að barni líði vel og njóti sín í leik.

Dæmi um veikleika væru tungumálaörðuleikar og misskilningur, sum börn eigi ekkert móðurmál og þurfi mikinn stuðning svo þau geti tjáð sig, og að skólarnir þyrfu að gefa sér meiri tíma til að kynnst menningu hælisleitenda, ekki bara að þau læri um okkar hefðir og menningu.

Dæmi um ógnanir væru tungumálið, félagsþroski, einangrun, fordómar og skortur á stöðugildum í skólunum og fjármagni.

Dæmi um tækifæri væru að það þurfi betra stöðnet fyrir hælisleitendur og aukið upplýsingastreymi, hafa fastan tengilið og reglulega fundi, kennarar þurfi tæki til að vinna með, t.d. gátlista um siði og venjur, trú, mataræði og uppeldi, auka þyrfti sérkennslu, íslenskukennslu/stuðning, fá námskeið um stöðu fjölskyldna, reynslu annarra, hvað virki og hvað virki ekki, stefnumótun væri nauðsynleg í skólakerfinu til að vinna sem best með börnin og fjölskyldur þeirra, og skólanir að gefa sér tíma til að kynnst menningu hælisleitenda eins og þau kynnst okkar.

Að lokum fór Heiða yfir óskir og vangaveltur leikskólastjórnanna um hvað hægt væri að gera til að koma sem best til móts við þarfir barnanna. Þar kom fram að þeir óska eftir góðum fundum í upphafi skólagöngu barnanna með kennurum og stjórnendum skólanna, tengilið frá velferðarþjónustu, túlk og með foreldrum. Þeir telja afar mikilvægt að börnin fái stuðning við upphaf leikskólagöngu og að komið verði upp myndrænu skipulagi til að auðvelda foreldrum og börnum að komast í daglega rúttínu. Mjög mikilvægt væri að vera meðvitaður um að byggja upp traust milli skóla og fjölskyldna og mikilvægast af öllu væri að horfa á allt ferlið út frá velferð barnsins.

Heiða nefndi að afar mikilvægt væri að fá meiri fræðslu út í samfélagið til að almenningur skilji hlutina betur og taldi hún það bestu leiðina til að takast á við fordóma.

Undir þetta tók Guðríður Lára Þrastardóttir frá Rauða krossinum og vildi koma á framfæri að allar þessar fjölskyldur sem væru af ólíkum þjóðernum eigi það sameiginlegt að hafa verið ofsóttar og væru því tortryggjar á öll kerfi og líka skólakerfið.

Reynslan úr Lækjarskóla. *Kristrún Sigurjónsdóttir*, deildarstjóri móttökudeildar Lækjarskóla Hafnarfirði.

Kristrún hóf mál sitt á að fjalla um börn foreldra í leit að alþjóðlegri vernd. Hún sagði börnin vera í mjög viðkvæmri stöðu og að huga þurfi sérstaklega að velferð þeirra. Foreldrarnir væru oft undir miklu álagi og ekki færir um að vera bakland barna sinna. Hún sagði bið eftir því að komast í skólaúrræði og þar með daglega rúttínu vera of langa, frá nokkrum vikum upp í nokkra mánuði. Í flestum tilfellum þurfi að útvega börnum öll skólagögn, viðeigandi fatnað, heitan mat í háðgi o.s.frv. Bakgrunnupplýsingar um börnin væru af skornum skammti og að þær breytist stundum dag frá degi. Börnin beri oft mikla ábyrgð og dæmi væri um að þeim væri beitt í þágu málsmeðferðar. Sú óvissa og

öryggisleysi sem börnin búi við hafi mikil áhrif á líðan þeirra. Mörg þessara barna eigi erfiða áfallasögu, sum hafa verið á flótta í langan tíma og hafa brotakennda eða slaka skólgöngu að baki. Mörg barnanna sýni einkenni áfallastreituröskunar og að allir þessir þættir hafi áhrif á námsgengi barnanna.

Krístúrín sagði þetta vera sérstakan hóp barna með sérstakar þarfir og að mikilvægt væri að vera vakandi yfir líðan þeirra og þörfum. Tryggja þurfi að börnin komist sem fyrst í skólaúræði, líka ungmenni 16-18 ára. Allar stofnanir sem komi að málefnum barnanna þurfi að vinna saman og mikilvægt væri að vinna heildstætt að málefnum barnanna þvert á stofnanir og skólastig. Að mati Krístúrínar þurfi í hverju sveitarfélagi að vera teymi sem hefur yfirsýn yfir málefni barnanna á breiðum grunni og sveitarfélög þurfi að samræma verklag og vinnureglur. Hún sagði afar brýnt að marka stefnu í málaflokknum og að þróa verklagsreglur sem sveitarfélögin geti unnið eftir.

Krístúrín sagði mikilvægt að skólinn afli upplýsinga um námslegan bakgrunn barnanna sem geti verið mjög misjafn. Gera þurfi námslegt stöðumat, s.s. í stærðfræði, ensku, móðurmáli og sundi. Við þurfum að stuðla að einstaklingsmiðaðri nálgun í námi og stuðningskennslu. Það væri mikilvægt að skapa rólegt, myndrænt, traust og aðlaðandi námsumhverfi eins og kostur væri, byggja þurfi á styrkleikum barnanna og huga að því hvaða nálgun henti þeim best í námi og hvaða veganesti nýtist þeim best í þeim aðstæðum sem þau væru í hverju sinni. Nauðsynlegt væri að vera í góðu samstarfi við foreldra um velferð barnanna og mikilvægt væri að veita kennurum og öðru starfsfólki stuðning og ráðgjöf. Það sem við þurfum alltaf að hafa í huga væri að veita börnunum ávallt okkar bestu þjónustu.

Íslenska sem annað tungumál á framhaldsskólastigi. Hvert er hlutverk kennara nemenda af erlendum uppruna? Guðlaug Kjartansdóttir, brautarstjóri nýbúadeildar Tækniskólans.

Guðlaug sagði frá sögu nýbúabrautar Tækniskólans en hana má rekja til ársins 1993 og skólinn búi yfir mikilli reynslu á þessu sviði. Skólanámskrá brautarinnar hafi verið í mótun í mörg ár. Markmið með kennslunni væri að nemendur verði færir um að stunda nám jafnfætis öðrum íslenskum nemendum og að þeir sem einvörðungu eru í íslenskunámi læri nægilega mikla íslensku til að geta lifað og starfað í íslensku samfélagi og að þeir fái notið þess sem það hefur upp á að bjóða.

Á hverri önn stundi um 200-300 erlendir nemendur nám við Tækniskólann. Hópur hælisleitenda/flóttamanna í þessum hópi fari sífellt stækkandi og aðallega væru þetta nemendur á aldrinum 16-20 ára, einnig væru teknir inn nemendur sem kunna enga íslensku.

Í vetur eru nemendur Tækniskólans með 138 erlend ríkisföng og nokkrir, eða 24, eru án kennitölu. Á vorönn 2017 eru 57 nemendur á nýbúabrautinni.

Guðlaug ræddi um hin ýmsu hlutverk nýbúakennarans, s.s. að aðstoða nemendur með verkefni úr öðrum greinum, þýða bréf frá hinu opinbera, aðstoða með atvinnuumsóknir, símhringingar, skólaumsóknir, strætókort, húsnæði og ökuskóla. Einnig væru mikil samskipti við aðra skóla vegna skólaumsókna.

Hámarksnemendafjöldi í námshóp eru 15-18 nemendur og í öllum hópum eru nemendur frá mörgum löndum og því taka öll samskipti mikinn tíma. Náin tengsl skapist á milli nemenda og kennara því kennarinn væri oft eini tengiliður nemandans við samfélagið. Nemendur eigi oft um sárt að binda og því þurfi kennarinn oft að sinna sáluhjálpi og væri nærgætni í samskiptum afar mikilvæg. Samvinna við heimili væri mikilvæg og reynt væri að efla félagslíf nemenda til dæmis með því að halda morgunverðarboð á hverri önn.

Guðlaug sagði nýbúakennsluna afar gefandi starf sem veiti kennurum innsýn inn í aðra veröld. Kennarinn hafi mikil áhrif á starfið og auðvelt væri að koma auga á tilganginn með starfinu sem væri bæði krefjandi og oft á tíðum erfitt en einnig mjög jákvætt og gefandi.

Menntun barnanna, starf kennara og skóla. *Aðalheiður Steingrimsdóttir*, varaformaður KÍ. Aðalheiður vakti athygli á að sex ár væru liðin frá því að borgarastyrjöldin í Sírlandi hófst. Á þessum tíma hefðu 4,8 milljónir hrakist frá heimkynnum sínum til nálægra landa, þar af um helmingur börn, og þaðan reyndi fólk að komast til annarra landa í Evrópu, og þar á meðal til Íslands. Miklir þjóðflutningar væru gangi í heiminum sem hefðu víðtækar afleiðingar, ekki síst á menntun barnanna. Flóttamannastraumurinn væri ekki í rénun og þetta verkefni væri komið til að vera. Skólinn gegni mjög mikilvægu hlutverki í því að rjúfa einangrun flóttabarna, auðvelda þeim að aðlagast samfélaginu og verða hluti af því, byggja upp tengsl við jafningja, og að læra á samfélagið og menninguna.

Aðalheiður greindi frá að kennarasamtökin hefðu ákveðið að taka menntun barna í leit að alþjóðlegri vernd á dagskrá með því að halda þetta málþing. Með þessu vildi KÍ bregðast við stefnu og hvatningu Alþjóðasamtaka kennara til aðildarfélaganna um að þau vinni að rétti allra barna og ungmenna til menntunar og farsældar, óháð uppruna og stöðu, í sínum löndum, og að þau leiti eftir víðtæku samstarfi við marga um þetta brýna verkefni. Til að undirbúa þetta hefði KÍ viðað að sér upplýsingum um starf kennarasamtaka í öðrum löndum að þessum málum, og um alþjóðlega samhengið, sett sig inn í flóttamannamálin hér heima, rætt var við kennara í skólum sem taka við börnum í leit að alþjóðlegri vernd um hvaða stuðning þeir þurfi á að halda vegna kennslu barnanna og skoðanir þeirra á því hvað KÍ geti gert til að aðstoða. Í samræðunum við kennarana hefði komið skýrt fram mikil þörf fyrir að komið væri upp samræmdu stuðningskerfi við þá og skólana, börnin og foreldrana, til að komast hjá því að hver og einn væri að vinna að þessu í sínu horni og að finna upp hjólið upp á eigin spýtur.

Aðalheiður fór því næst yfir nokkur af atriðunum sem kennararnir sögðu að vantaði sárlega, svo sem ráðgjöf og handleiðsla um áfallastreitu nemenda, meiri þekkingu á ýmsum hugtökum, eins og hælisleitandi, flóttamaður o.fl., ráðgjöf um uppsetningu kennslu, stuðning við nemendur, einstaklingsmiðaða nálgun, og við stöðumat, margvíslega pakka með stöðluðu stöðumati, bakgrunnsupplýsingum og verkferlum til að styðja við kennsluna, kennsluaðferðir og námsefni svo ekki þurfi að finna upp hjólið á hverjum stað og orðalistar á ýmsum tungumálum. Einnig hefðu kennarar bent á að búa þyrfti til samræmdan opinn gagnagrunn til að auðvelda vinnuna, en með mismunandi útfærslum og aðstoð, aukið framboð á námskeiðum fyrir kennara og aðgengi að sérfræðingum, tengiliður þyrfti að vera í skólanum fyrir nemendur, kennara, foreldra og sveitarfélög sem væri sérstakt starfsheiti en ekki viðbót við aðra vinnu, ráðgjöf vantaði um foreldrasamstarf, meiri leiðsögn fyrir foreldra um réttindi og skyldur, og skyldur gagnvart skóla og samskiptum, og að huga þyrfti að mismunandi stöðu barna eftir aldursstigum, móttökudeild fyrir eldri nemendur og liðveislu fyrir nemendur. Allir aðilar innan skólans þyrftu að vera ábyrgir, starfsfólk og aðrir nemendur og einnig þyrfti að skoða hvort aðlaga þyrfti námskrár að þörfum barnanna.

Aðalheiður benti einnig á að í samræðunum við kennarana hafi einnig verið leitað eftir hugmyndum þeirra um hvað taka þyrfti fyrir á þessu málþingi og að þær hefðu verið notaðar við að móta dagskrána.

Aðalheiður sagði að sem samfélag þyrftum við að taka skyldur okkar alvarlega við þá sem hingað kæmu í leit að vernd og betra lífi og að tryggja að réttindi allra barna til menntunar og farsældar væru virt, óháð uppruna og stöðu. Það væri m.a. mikið áhyggjuefni að námsleg staða flóttabarna væri lakari en annarra nemenda og að ungt fólk í þessum hópi færi síður í framhaldsskóla og að brotthvarf úr námi hjá þessum hópi væri meira miðað við aðra hópa. Þetta þýddi að félagsleg aðlögun flóttamanna að samfélaginu væri ekki í góðu standi.

Aðalheiður sagði mikla þörf fyrir að farið væri í samstarf um að samræma verklag um menntun barnanna og að útbúa grunn að upplýsingum, fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við kennara og skóla sem sinna menntun þeirra. Svona grunnur myndi nýtast öllum þeim sem koma að menntun barnanna en með honum væri enn fremur hægt að tryggja mikilvægt samræmi í stuðningi við þau og fjölskyldur þeirra. Markmiðið væri að móta stefnu um menntun og velferð barnanna og stuðning við kennara og skóla sem sjá um menntun þeirra. Aðalheiður sagðist vona að þetta málþing færði okkur nær því að taka höndum saman um þetta mikilvæga verkefni.

Umræðuhópar við hvert borð. *Hvernig viljum við hafa umgjörðina hér á landi um menntun barnanna, starf kennara og skóla? Hverju viljum við breyta? Hvernig?*

Panelumræður með þátttöku fundarmanna. Stjórnandi umræðna var *Aðalbjörn Sigurðsson* útgáfu- og kynningarstjóri KÍ. Þátttakendur í panelumræðum:

- Fanney Dóróthea Halldórsdóttir, fræðslustjóri Hafnarfjarðar
- Helgi Arnarson, fræðslustjóri Reykjanesbæjar
- Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar
- Björk Óttarsdóttir sérfræðingur, mennta- og menningarmálaráðuneytinu
- Lilja Borg Viðarsdóttir, lögfræðingur innanríkisráðuneytinu

Aðalbjörn Sigurðsson hóf umræðurnar með því að spyrja þátttakendur: *Ef þið fengjuð tækifæri til að laga eitt atriði í skólakerfinu sem lýtur að menntun barna í leit að alþjóðlegri vernd, á hverju mynduð þið byrja?*

- Helgi Arnarson sagðist vilja byrja á að koma menntun barna á aldrinu 16-18 ára í betra horf. Staða þessa hóps væri alls ekki í góðum farvegi og það þurfi að laga.
- Björk Óttarsdóttir sagist vilja byrja á að tryggja samvinnu stofnana þvert á kerfi til að börnin fái viðeigandi þjónustu. Mjög brýnt væri hafa skýra ábyrgð og verkaskiptingu milli kerfa í stjórnsýslunni.
- Fanney Dóróthea Halldórsdóttir sagðist vilja byrja á því að bæta við mannskap í skólana og styðja við þá sem kenna börnunum. Sagði að við værum stöðugt í viðbragðsstöðu og stöðugleika vanti. Það vanti samtal milli kerfanna. Málaflokkurinn væri á margra hendi. Það þurfi að skoða námskrá og hvort að kenna eigi allar greinar.
- Lilja Borg Viðarsdóttir sagðist vilja byrja á að jafna stöðu barna sem væru í leit að alþjóðlegri vernd. Mikill aðstöðumunur væri eftir því hvaða hópi flóttamanna þau tilheyra. Ráðuneyti þurfi að hafa skýra stefnu í þessum málum.
- Helgi Grímsson sagði Íslendinga hafa náð ótrúlegum árangri á síðustu 2-3 árum, við gætum verum nokkuð stolt en vissulega þurfi að bæta ýmis atriði. Börnin þurfi fyrst og fremst öryggi og við þurfum að búa þannig um hnútana að kennarar geti sinnt verkefninu.

Spurningar fundarmanna til þátttakenda í pallborði:

- Jenný Gunnarsdóttir spurði Lilju Borg Viðarsdóttur hvort bæta eigi þjónustu við hælisleitendur og stofna einhverskonar móttökumiðstöðvar í þeim sveitarfélögum sem veita hælisleitendum þjónustu.
- Lilja Borg Viðarsdóttir sagði aukna þörf á fjármagni í málaflokkinn, fyrirspurnir berist frá ólíkum aðilum og það vanti skýrari verkaskiptingu. Fundur væri framundan þar sem leiða ætti marga aðila saman til að leita leiða til að skýra verkaskiptingu og verklag.
- Brynhildur Ragnarsdóttir spurði Björk Óttarsdóttur og Lilju Borg Viðarsdóttur hvort í boði væru námskeið, eða hvort áform væru um að bjóða upp á námskeið þar sem fjallað væri um, út frá mörgum sjónarhornum, hvernig ætti að nálgast og aðstoða börn sem lent hafi í erfiðum aðstæðum. Brynhildur velti einnig fyrir sér hvort til væru leiðbeiningar um hvernig greina mætti bakgrunn barnanna og hvort ekki væri ráð að búa til eina námskrá fyrir hópinn.
- Lilja Borg Viðarsdóttir sagði að frumkvæði Sambands íslenskra sveitafélaga hefði starfað samstarfshópur sem hefði aðstoðað ráðuneytið við að móta reglugerðarákvæði í málaflokki. Niðurstaðan úr þeirri vinnu var að setja fram móttökuáætlun fyrir börn í leit að alþjóðlegri vernd. Miðað væri við að aldrei myndi líða lengri tími en 4-12 vikur þar til

börnin kæmust í skólaúrræði. Lilja Borg sagði nauðsynlegt að halda áfram með vinnu hópsins þar sem m.a. væri fjallað um námskrá, námsefni og stuðning við kennara.

- Helgi Arnarson nefndi að Reykjanesbær, Hafnarfjörður og Árborg hefðu hrundið af stað samstarfi um námskrá og önnur mál sem snertu málefni barna í leit að alþjóðlegri vernd.
- Björk Óttarsdóttir sagði tillögur starfshópsins sem Lilja Borg greindi frá gera ráð fyrir sálfélagslegum stuðningi og menntun á meðan börnin bíði eftir að komast í skóla. Vilji væri til að búa til kerfi þar sem málefni barnanna væru komin í ákveðinn farveg eftir fjórar og 12 vikur en þessi tímaviðmið væru hugsuð sem hámark, fyrstu fjórar vikurnar vegna heilsfarsskoðunar, og eftir 12 vikur ættu þau að vera komin í skólaúrræði á vegum sveitarfélaga. Björk sagði varðandi námskeið um áfallasteituröskun að sveitarfélögin hafi málefni grunnskólanna á sínu forræði og því væri það þeirra að halda slík námskeið.
- Fanney Dórothea Halldórsdóttir sagði að slík námskeið hafi ekki verið haldin. Hún sagði fjórar vikur vera langan tíma og 12 vikur enn lengri. Mikilvægt væri að ná samtali fyrr og upplýsingaflæði, tengireglur og vinnu.
- Helgi Grímson sagði að frá degi eitt ætti að taka á móti börnum með það að markmiði að koma þeim strax í virkni. Byrja ætti á óformlegu námi (öryggi, undirbúningur að dvöl) og byggja ofan á það. Verðum að treysta því að almenna skólakerfið geti tekið á móti þeim með því að nesta þau. Börnin verði að fá úrræði sem veita öryggi og reglufestu í lífinu, og ekki ætti að flokka of mikið, mikilvægt væri að hafa sameiginlega námskrá.
- Helgi Arnarson taldi ekki að ein námskrá ætti að gilda fyrir alla heldur verði að taka mið af stöðu og þörfum hvers og eins.
- Anna Rós Bergsdóttir sagðist sakna þess að ekkert skuli hafa verið fjallað um menntun kennara á málþinginu, hvernig háskólar sem mennta kennaranema búi þá undir fjölmenningarlega kennslu. Hún velti fyrir sér stefnu Menntavísindasviðs HÍ.
- Björk Óttarsdóttir sagði frá samstarfsráði um starfsþróun kennara sem hafi meðal annars það hlutverk að kanna þarfir kennarar fyrir starfsþróun. Fulltrúar háskólanna sitji í samstarfsráðinu og sagði Björk að rætt verði við þá um málefnið.
- Bragi Guðmundsson prófessor og forstöðumaður kennaradeildar HA upplýsti að allir kennaranemar við HA taki tíu eininga námskeið um fjölmenningsarsamfélagið og að boðið væri upp á valnámskeið um trú og trúarbrögð sem margir kennaranemar taki.
- Áshildur Linnét spurði Björk Óttarsdóttur hvort menntamálaráðuneytið hafi upplýsingar um fjölda þeirra barna sem ekki fá skólagöngu. Björk sagði að ráðuneytið hafi ekki upplýsingar um fjölda barnanna og ekki hafi verið sett fram áætlun hvernig taka ætti á málefnum þessara barna en það væri eitt af verkefnum starfshópsins sem sagt var frá.
- Áshildur Linnét spurði Lilju Borg Viðarsdóttur hvort innanríkisráðuneytinu væri kunnugt um að börn sem ekki njóti skólagöngu hafi heldur ekki leiksvæði við búsetuúrræði.
- Lilja Borg Viðarsdóttir sagði að ljóst væri að ekki væri boðið upp á nægilega góð búsetuúrræði fyrir börn, verið væri að leita að betri úrræðum. Hún sagði mjög mikla fjölgun hafa verið í málaflokknum og að húsnæðiskerfið ráði ekki allan þennan fjölda.
- Hulda Karen Daníelsdóttir sagði samtökin Ísbrú verða með málþing næsta haust um nám og kennslu barna í leit að alþjóðlegri vernd. Hulda Karen velti einnig fyrir sér hvernig við getum staðið að því að bjóða foreldra barnanna velkomna í skólana.

- Helgi Arnarson sagði mjög mikilvægt að tengja fólkið við samfélagið með til dæmis áhugamálum og tómstundum.
- Fanney Dórothea Halldórsdóttir sagði að þetta væri gert í mörgum skólum, kennarar væru með foreldra barnanna í fanginu. Það væri þó meira óformlegt og að skapa þurfi sérstakan vettvang til þessara samskipta því kennarar sinni þessu alla jafna utan dagskrár.
- Valgerður Ágústsdóttir velti fyrir sér félagslegri aðlögun barnanna og taldi jákvætt að virkja samnemendur og foreldra þeirra, með einhverskonar vinafjölskyldum.
- Helgi Arnarson sagði þetta mjög mikilvægt atriði, í Reykjanesbæ væru samnemendur barnanna virkjaðir innan skólans og í tómstundum en vinnan með foreldrum væri ekki nægilega markviss. Hann sagði vel hugsað um kvótaflóttafólk í þessu tilliti en ekki hælisleitendur.
- Helgi Grímsson velti fyrir sér hversu mikið ætti að tengja börn sem vitað væri að verði vísað úr landi. Sagði þetta vandratað og að við þurfum að fá betri leiðsögn um þetta. Hvernig tryggjum við þessum börnum gott veganesti og öryggi versus það að tengja þau inn í íslenskt samfélag?
- Krístrún Sigurjónsdóttir spurði fulltrúa innanríkisráðuneytis hvernig standi á þeim mismunandi tíma sem líði frá því að börnin komi til Íslands þar til þau hefji skólagöngu. Þetta geti verið frá einni viku til margra mánuða bið.
- Lilja Borg Viðarsdóttir sagði enga einhlíta skýringu á þessu. Þetta gæti tengst því að börnin fara e.t.v. úr landi innan skamms tíma. Málsmeðferð væri hraðað eins og kostur væri, markmiðið væri að þeir sem fá vernd verði allir komir í úrræði innan 12 vikna. Lilja Borg nefndi einnig að bið eftir heilsufarsskoðunum geti verið löng eða allt að 2-3 mánuðir. Á þessu sviði sé kerfið sprungið en verið væri að vinna að lausnum í ráðuneytinu.
- Aðalbjörn Sigurðsson sagði að víða væri verið að vinna frábært starf en að kerfin tali ekki nægilega vel saman. Á málþinginu hafi þó komið fram að verið væri að vinna að umbótum á því.

Þankahrið um framtíðina með þátttöku fundarmanna. *Hvað höfum við lært hér í dag?*

Aðalbjörn Sigurðsson stýrði og kallaði eftir helstu niðurstöðum umræðna á borðunum.

- Koma börnum strax í virkni þegar þau koma til landsins og stytta bið eftir heilbrigðisskoðun.
- Jafna stöðu barna í leit að alþjóðlegri vernd og vinna að brúarsmíði við ólíka menningarheima.
- Í málaflokknum þarf að vera yfirsýn og strúktur og auka þarf fjármagn til hans sem og stuðning við kennara.
- Skýr stefna og verkaskipting aðila, einfaldara ferli, verklagsreglur og samhæfing milli aðila, tengiliðir milli stofnana og hraðari afgreiðsla mála.
- Meira upplýsingaflæði til skóla um börn sem eru komin til landsins svo hægt sé að taka strax við þeim, minnka „leynd“ yfir því hvar og hve margt flóttafólk er í landinu. Áhersla á að börnin komist strax í skóla, þau þurfi ekki að bíða. Þannig verði strax komin tenging inn í samfélagið.
- Húsnæði sem fólk dvelur í sé innan bæjarmarka og í umhverfi sem er manneskjulegra og barnvænna en ekki á iðnaðarsvæðum eða í útjaðri bæja.
- Hætta að láta lögheimilis- og kennitöluskort stoppa það af að börnin komist í skóla.
- Kennarar hjálpa við ótrúlega margt sem í raun er ekki í þeirra verkahring en þeir vilja hjálpa. Kennarar þurfa að hafa aðgang að sérfræðingum til að fá aðstoð, s.s. sálfræðingum o.þ.h.
- Foreldrarir þurfa stuðning og fræðslu sem og íslenskukennslu.

- Starfsfólk skóla þarf fræðslu um flóttafólk, stöðu barnanna og úr hvernig umhverfi þau eru að koma.
- Tryggja fjármagn! – Hver á að borga hvað.
- Auka fræðslu til almennings um stöðu flóttabarna á Íslandi til að draga úr fordómum. Aukin fræðsla = aukin þekking = minni fordómar.
- Það vantar skýrari ramma, fjármuni og stuðning við skólana. Það þarf að hafa stöðugildi í skólunum til að sinna börnunum. Biðtíminn fyrir börnin er alltof langur, það þurfa að vera skýrari viðmið. Það vantar aukna fræðslu og aukna umræðu í samfélaginu til að vinna gegn fordómum.
- Við þurfum að hugsa um öll börnin, þó að sum hver staldri stutt við. Við verðum að veita þeim ákveðið veganesti.
- Mjög mikil aukning er á fjölda barna af erlendum uppruna í skólum landsins. Skólarnir eru engan veginn í stakk búnir til að sinna þessu og Reykjavíkurborg sinni þessu ekki vel. Skoða hvort ekki þurfi að vera fleiri nýbúadeildir/móttökuskólar. Hugsa þarf um barnið, það er í forgrunni.
- Það vantar mun meiri stuðning og fjármuni inn í hvern skóla. Sveitarfélögin þurfa að vinna betur að þessum málum, hvernig eigi að standa að þeim.
- Búa til ákveðna og skýra verkferla sem hægt er að fara eftir. Gátlista fyrir hvert skólastig. Læra af þeim sem hafa reynslu, bæði innlendum og erlendum aðilum, skrá verkferla og verklag. Það þurfa ekki allir að finna upp hjólið.
- Það vantar samræmt verklag, greiningar/matstæki fyrir námslega, félagslega og tilfinningalega stöðu, leiðarvísi vegna kennslu og tilfinningalegs stuðnings, og fyrir leiðsagnarmat.
- Koma þarf íslenskukennslu í betri farveg, stuðning við móðurmálskennslu, og að koma börnunum inn í íslenskt málaumhverfi.
- Efla menntun kennaranema um flóttabörn og kennslu þeirra og að auka framboð á menntun og þekkingu fyrir starfandi kennara um kennslu flóttabarna.
- Koma á samræmdu verklagi, innanlands og mögulega innan Evrópu, þegar kemur að menntamálum barna í leit að alþjóðlegri vernd.
- Þróa, nýta eða aðlaga bakgrunnsgreiningatæki sem kennarar geta nýtt þegar barn með flóttabakgrunn kemur inn í nemendahópinn (greining á námi og félagslegum aðstæðum).
- Tryggja fjármagn inn í skólana svo hægt sé að standa vel að móttöku og kennslu barnanna.
- Heildræn nálgun á barnið - vinna út frá styrkleikum barnsins.
- Stuðla að sem eðlilegustu lífi fyrir börnin.
- Koma á skýru verklagi, hver sér um að útvega börnum skólatösku og skóladót - það liggur ekki ljóst fyrir.
- Vinna gegn fordómum bæði innan skóla og í samfélaginu. Eða réttara sagt einblína á að kenna um mennskuna en ekki fordómana.
- Stuðningur við móðurmál barnanna.
- Koma á þverfaglegu tengslaneti (innan og milli sveitafélaga) sem sjá um móttöku barna í leit að alþjóðlegri vernd. Mikilvægt að fagfólk viti hvert það á að snúa sér og við hvern það getur talað.

Þáttakendum í pallborði var gefið orðið um sama efni:

- Helgi Grímsson. Það þarf að þetta samtalið milli stofnana, auka skilning, styðja við skólana, búa til verkferla, koma á fót móttökumiðstöð og jafna aðstöðu mismunandi hópa.
- Fanney Dóróthea Halldórsdóttir. Huga þarf betur að menntun barnanna, kerfið virkar ekki nægilega vel en samt er verið að leysa málin í skólunum. Það þarf að þetta kerfið svo að allir tali saman, samskiptaleyzi hefur áhrif á almennt skólastarf.
- Björk Óttarsdóttir. Við erum að byrja samtalið og ætlum að halda því áfram til að gera betur. Það þarf að fá fleiri aðila að samtalinu s.s. háskólana sem mennta kennara.

- Helgi Arnarson. Nauðsynlegt að fá meiri fræðslu um fordóma, ekki síst inn í skólana. Kennarar standa oft einir og það þarf að styðja þá betur. Auka þarf samvinnu milli skóla og sveitarfélaga. Við þurfum alltaf að hafa grundvallarreglur Barnasáttmála SP að leiðarljósi. Brýnt að jafna stöðu hópa. Og síðast en ekki síst, nýbúakennari þarf að vera nærgætinn, elskulegur og hlýr, sem gildir um alla kennara.

Samantekt og málþingslit

Aðalheiður Steingrimsdóttir tók saman helstu atriði sem komu fram. Hún sagði þörfina fyrir þetta málþing greinilega mikla, hvatti fólk til að tala um málefnið út í samfélagið og kallaði eftir auknum tengslum, meira samstarfi og verkferlum. Samtalið verði að halda áfram og það þurfi að tengja fólk saman. Aðalheiður bað málþingsgesti að senda hugmyndir um hvernig væri hægt að koma upp tengslanetum til að halda samtalinu áfram. Að endingu þakkaði Aðalheiður þátttakendum í dagskránni og gestum fyrir samveruna og fundarstjórum og riturum fyrir aðstoðina og sleit málþinginu.